

Aðgerðastefna og hlutverk frjálsra félagasamtaka

„Við þurftum heilmikið að gera til að koma því í kring. Það kostaði samtök okkar margar mótmælagöngur og mig handtöku, þegar ég rauk til í þinginu, áður en okkur var boðið að tala ... Ég fékk fimm mínútur.“

Cheri Honkala, fyrsti bótaþegi í Bandaríkjunum sem bar vitni fyrir þinginu (Kensington Welfare Rights Union)

Hvað eru frjáls félagasamtök?

Með orðinu „frjáls“ er átt við að samtök eða stofnanir séu ekki háðar ríkinu og ekki reknar í ágóðaskyni heldur í þágu borgaranna. Tilgangurinn með þeim er því yfirleitt einhver annar en fjárhagslegur ávinningur. Þrátt fyrir það getur tilgangurinn verið afar margvíslegur og viðfangsefnin af ýmsu tagi. Frjáls félagasamtök eru allt frá því að vera litlir þrýstihópar, t.d. um tiltekin umhverfismál eða mannréttindabrot, fræðslusamtök, samtök um kvennaathvörf, menningarfélög, trúfélög, lagastofnanir, mannúðarsamtök – og listinn gæti haldið áfram allt upp í risastór alþjóðasamtök með hundruðum eða jafnvel þúsundum landsdeilda eða félagsmanna víða um heim.

Í þessum kafla lítum við stuttlega á það mikilvæga hlutverk sem slík samtök hafa gegnt og gegna enn í þágu mannréttinda um allan heim. Frjáls félagasamtök gegna þýðingarmiklu hlutverki við að standa vörð um réttindi einstakra borgara gagnvart ríkisvaldinu með því að:

- berjast gegn einstökum mannréttindabrotum
- bjóða þeim sem brotið hefur verið á beina aðstoð
- beita hagsmunagæslu til að knýja fram breytingar á landslögum eða alþjóðalögum
- taka þátt í undirbúningi slíkra laga
- stuðla að þekkingu á mannréttindum og virðingu fyrir þeim meðal landsmanna.

Framlag frjálsra félagasamtaka er ekki aðeins mikilvægt vegna árangursins sem þau ná, og þeirrar vonar sem þau vekja um að vernda megi mannréttindi í heiminum, heldur líka vegna þess að þau eru í rauninni verkfæri sem einstaklingar um allan heim geta beitt. Eins og margar stofnanir eru þau með starfsmenn sem sjá um stjórnun og skipulagningu en sjálfboðastarf annarra þegna samfélagsins í þágu málstaðarins er þeim einnig verulegur styrkur. Þess vegna eru þau svo mikilvæg fyrir þá sem vilja leggja sitt af mörkum til að vinna að mannréttindum í heiminum.

Uppbygging frjálsra félagasamtaka

Mannréttindaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna 1993 – sem yfirleitt er kölluð Vínarráðstefnan – sóttu 841 frjáls félagasamtök hvaðanæva að úr heiminum sem öll skilgreindu sig sem mannréttindasamtök. Þó að þetta sé mikill fjöldi var þarna aðeins brot af öllum þeim frjálsu félagasamtökum í heiminum sem vinna að mannréttindamálum.

Flest samtök sem líta á sig sem „mannréttindasamtök“ sinna helst borgaralegum og stjórn málaegum réttindum. Þekktustu samtökin, að minnsta kosti á alþjóðavísu, eru líklega

„Ristu upp, stattu upp, stattu með réttindum þínum.“

Bob Marley

„Heimurinn er hættulegur staður! Ekki einungis vegna þeirra sem fremja illvirki heldur hinna, sem horfa á og láta þá komast upp með það.“

Albert Einstein

„Guð gefur okkur hendur en hann byggir ekki brýr.“

Arabískur málsháttur

Amnesty International og Mannréttindavaktin (Human Rights Watch) sem eru með starfsemi um allan heim. En eins og við höfum séð eru borgaraleg og stjórn málaegg réttindi aðeins einn flokkur þeirra margvíslegu mannréttinda sem alþjóðasamfélagið viðurkennir og ný réttindi eru stöðugt að koma fram, jafnvel enn þann dag í dag. Ef við gerum ráð fyrir þessu og teljum með frjáls félagasamtök sem berjast gegn fátækt, ofbeldi, kynþáttahatri, sjúkdómum, heimilisleysi og umhverfisvá, svo fátt eitt sé nefnt, skiptir raunverulegur fjöldi samtaka sem berjast fyrir vernd mannréttinda í einni eða annarri mynd hundruðum þúsunda í heiminum öllum.



Veistu af einhverjum frjálsum mannréttindasamtökum hér á landi?

Hvernig hafa þau áhrif á gang mála?

Frjáls félagasamtök geta reynt að beita sér fyrir vernd mannréttinda á ýmsum vettvangi og aðferðirnar sem þau beita geta verið breytilegar eftir eðli mála hverju sinni – hvort þau eru sértæk eða almenn, hvort um er að ræða langtímamarkmið eða ekki, hvort starfið er svæðisbundið, á landsvísu eða alþjóðlegt o.s.frv.

a. Bein aðstoð

Mjög algengt er að frjáls félagasamtök sem vinna að félagslegum og efnahagslegum réttindum bjóði fórnarlömbum mannréttindabrota einhverja beina þjónustu. Í slíkri þjónustu getur falist mannúðaraðstoð, vernd eða þjálfun til að efla nýja færni. Ef réttindin eru vernduð með lögum kann einnig lagaleg ráðgjöf að standa til boða eða aðstoð við að bera fram kæru.

Oft er bein aðstoð við brotþola þó annaðhvort ekki möguleg eða fellur ekki að starfsháttum samtakanna. Í slíkum tilvikum, og það á kannski við í flestum málum, þurfa félagasamtökin að horfa lengra fram á veginn og finna aðrar leiðir til úrbóta eða hindra að slíkt geti gerst í framtíðinni.

b. Söfnun nákvæmra upplýsinga

Ef um er að ræða einhverja grunnaðferð sem liggur að baki ólíkum aðgerðum frjálsra félagasamtaka er það kannski sú hugmynd að „afhjúpa“ þá sem óréttlætíð fremja. Oft geta stjórnvöld vikið sér undan skuldbindingum sem alþjóðlegir samningar sem þau hafa undirritað leggja þeim á herðar vegna þess að almenningur veit einfaldlega ekki hvað þeir innihalda. Mikilvægt er að safna slíkum upplýsingum og nota þær til að „afhjúpa“ stjórnvöld og halda þeim þannig við efnið. Frjáls félagasamtök beita oft þessari aðferð. Þau reyna að þrýsta á fólk eða ríkisstjórnir með því að finna mál sem höfðar til réttlætiskenndar fólks og gera það síðan opinbert.

Tvö þekktustu dæmin um frjáls félagasamtök sem eru annáluð fyrir nákvæmt eftirlit og skýrslugerð eru Amnesty International og Alþjóðaráð Rauða krossins. Hvor tveggja samtökin njóta viðurkenningar, ekki aðeins meðal almennings, heldur einnig á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, sem taka mið af skýrslum þeirra í opinberu eftirliti með ríkisstjórnnum sem hafa samþykkt skilmála alþjóðlegra samninga.

c. Herferðir og hagsmunagæsla

Hinar ýmsu aðferðir sem beitt er til að þrýsta á bæði innlenda og alþjóðlega aðila um stefnu-breytingu kallast einu nafni hagsmunagæsla. Enn eru aðferðirnar margs konar og frjáls félagasamtök reyna að beita þeirri aðferð sem best hentar markmiðunum, markhópnum og auð-

vitað þeim fjármunum og mannafla sem þau hafa yfir að ráða. Hér á eftir er lýst nokkrum algengum leiðum.

- Bréfaskriftaherferðir eru aðferð sem Amnesty International og fleiri frjáls félagsamtök hafa notað með frábærum árangri. Einstaklingar og samtök láta bréfum frá þúsundum félagsmanna um heim allan rigna yfir ráðamenn.
- Götumótmæli eða kröfugöngur, með þeirri fjölmiðlaathygli sem slíkar aðgerðir fá yfirleitt, henta vel þegar samtök vilja fá almenning til liðs við sig eða vekja athygli á einhverju svo að stjórnvöld „skammist sín“.
- Fjölmiðlar gegna oft mikilvægu hlutverki þegar hagsmunagæslu er beitt og hlutverk Netsins verður æ mikilvægara.
- Auk mótmælaaðgerða til stuðnings málefni eða til að vekja athygli almennings geta frjáls félagsamtök átt fundi með ráðamönnum. Stundum dugir hótun um að eitthvað verði gert opinbert til þess að stefnu eða venju sé breytt, eins og í frásögninni hér á eftir.

Almennt gildir að því meiri stuðningur sem fæst frá almenningi eða öðrum áhrifaaðilum (t.d. öðrum ríkisstjórnunum) þeim mun líklegra er að herferð nái tilgangi sínum. Þó að frjáls félagsamtök nýti sér þennan stuðning ekki beint geta þau tryggt að boðskapur þeirra heyrst með því einfaldlega að láta vita að þau geti efnt til víðtækrar fjöldahreyfingar gegn stjórnvöldum.



Hafa verið einhverjar áberandi herferðir hér á landi? Hver var árangurinn?

d. Stöðug fræðsla

Mörg mannréttindasamtök hafa einnig á verkefnaskrá sinni einhvers konar kynningarstarf eða fræðslu meðal almennings. Mannréttindasamtökin vita að kjarna þess stuðnings sem þau fá er að finna hjá almenningi og því reyna þau oft að fræða almenning um mannréttindamál. Aukin þekking á mannréttindum og aðferðunum við að verja þau er líkleg til að skapa virðingu og það eykur síðan líkurnar á því að afla megi stuðnings í tilteknum málum sem tengjast mannréttindabrotum. Það er þessi stuðningur, eða hugsanlegi stuðningur, sem er ástæða þess hversu vel frjálsum félagsamtökum hefur gengið að vinna mannréttindum fylgi.

Dæmi um árangursríkar aðgerðir

Heimilisofbeldi í Rússlandi

Tölum um tíðni heimilisofbeldis í Rússlandi ber ekki alveg saman en talið er að 30 til 40 prósent fjölskyldna þar í landi hafi kynnst því. Árið 1995, eftir kvennaráðstefnuna í Peking, voru fyrstu áreiðanlegu tölurnar birtar. Þar kom fram að árlega væru 14.500 konur drepnar af eiginmönnum sínum og um fimmtíu þúsund þyrfti að leggja inn á sjúkrahús. Það hefur kostað mikla vinnu að fá þetta vandamál svo mikið sem viðurkennt í Rússlandi en árangurinn má fyrst og fremst þakka starfi frjálsra félagsamtaka sem kallast ANNA og stóðu að stofnun Rússnesku samtakanna um kvennaathvörf.

Samtökin voru skipulögð af Marinu Pisklakovu, konu sem stóð framarlega í baráttunni fyrir réttindum kvenna. Í júlí 1993 hóf hún upp á eigin spýtur rekstur neyðarlínu fyrir konur og jók síðan starfsemi með því að stofna fyrsta neyðarathvarf kvenna í landinu. Hún herjaði á stjórnvöld um löggjöf sem bannaði misþyrmingar og vann með óháðum löggæsluaðilum að því að útvega fórnarlömbum aðstoð og hjálpa þeim að bera fram kæru. Hún hóf fjölmiðlaherferð

„Það getur verið gaman að skrifa mönnum sem leiða gerræðis- eða kúgunarstjórnir, eiga einræðisherra að pennavin, og vera alger plága á honum með því að senda honum öll þessi bréf.“

Sting

„Mannréttindafræðsla er lífsstíll. Við höfum unnið á þeim vettvangi nokkur undanfarin ár án þess að vita að öll starfsemi okkar snerist um mannréttindafræðslu.“

Alexandra Vidanovic, Open Club Nis, þátttakandi í Forum on Human Rights Education.

„Ég gat ekki sagt nei, konurnar voru svo margar.“

Marina Pisklakova

„Ég er ekkert óvenjuleg manneskja. Allar konur í minni aðstöðu myndu gera hið sama.“

Mér finnst að ... ég hafi verið við upphafið að einhverju nýju, mikilli þróun í Rússlandi, nýju viðhorfi. Nú tala allir um heimilisofbeldi. Og margir gera eitthvað í því.“

Marina Pisklakova

„Eiturarfur efnaiðnaðarins á ekki að verða byrði nýrra kynslóða.“

Stefan Weber, baráttumaður
Greenpeace

til að afhjúpa ofbeldi á konum og fræða konur um réttindi sín og kemur nú reglulega fram í útvarpi og sjónvarpi til að berjast fyrir réttindum kvenna.

Samtökunum tókst að fá skilgreininguna á heimilisofbeldi víkkaða út þannig að hún tæki til nauðgunar í hjónabandi, kynferðislegs ofbeldis í hjónabandi eða sambúð, andlegs ofbeldis, einangrunar og efnahagslegrar kúgunar. Sumarið 1994 höfðu samtökin þjálfað fyrsta kvennahópin til að starfa sem símaráðgjafa og árið 1995 hófst starf í öðrum rússneskum borgum meðal kvennahópa sem farnir voru að myndast og vildu koma á fót neyðarlínum eða athvörfum. ANNA aðstoðaði við að þróa kerfi sem veitti fórnarlömbum heimilisofbeldis sálfræðilega og lögfræðilega ráðgjöf og í apríl 1997 lögðu lögmenn sem störfuðu fyrir samtökin fyrsta heimilisofbeldismálið fyrir dóm og unnu málið, og sköpuðu þannig lagalegt fordæmi fyrir allt Rússland. Samtökin reka nú tugi kvennaathvarfa sem dreifð eru um allt Rússland. Vefsvæði samtakanna er á: www.owl.ru/anna.

Umhverfismál í Sviss

Á árunum 1961 til 1976 losuðu nokkrir stórir efnaframleiðendur sig við yfir 14.000 tonn af eitruðum efnaúrgangi með því að demba honum í gamla leirgryfju í grennd við þorpið Bonfol í Sviss. Þó að ólöglegt sé að losa sig þannig við slíkan úrgang núorðið bönnuðu lögin ekki slíkar landfyllingar árið 1961. Eiturúrgangurinn var áfram á svæðinu og hélt áfram að menga nærliggjandi umhverfi með samblandi af lífrænum og ólífrænum mengunarvöldum.

14. maí árið 2000 tóku um 100 meðlimir umhverfissamtakanna Greenpeace landfyllingarsvæðið í Bonfol yfir og kröfðust þess að efnaframleiðslufyrirtækin sem höfðu losað eiturúrganginn á svæðinu tækju fulla ábyrgð á því að hann yrði hreinsaður upp. Þeir sem stóðu að aðgerðunum lýstu því yfir að þeir myndu halda svæðinu á valdi sínu þar til fyrirtækin lofuðu að hreinsa það upp þannig að heilsu manna og umhverfi stafaði ekki af því frekari hættu.

Þessar aðgerðir neyddu eiturefnaframleiðendur til að koma til fundar við fulltrúa sveitarfélagsins og grænfríðunga og það leiddi til þess að þeir undirrituðu loks samning um að hafa lokið rannsókn vegna undirbúnings hreinsunar í febrúar 2001 og að hefja hreinsunarferlið árið 2001. Framleiðendurnir samþykktu einnig að upplýsa sveitarfélögin á svæðinu og umhverfissamtök fullkomlega um hreinsunarstarfið og að skýra sveitarfélögunum frá þeirri mengun á grunnvatni og drykkjarvatni sem úrgangurinn hefði haft í för með sér. 7. júlí 2001 lauk yfirtöku grænfríðunga en við tók áralöng barátta til að tryggja að stjórnvöld stæðu við gefin loforð um hreinsun svæðisins. Í kjölfar dómsmáls árið 2008 komust grænfríðungar og yfirvöld loks að samkomulagi um heildarhreinsun svæðisins.

Sjá vefsvæði Greenpeace: www.greenpeace.org.

Þegar allt kemur til alls

Samtökin „Development Initiatives for Social and Human Action“ (DISHA)

Samtökin DISHA voru stofnuð snemma á tíunda áratug síðustu aldar í indverska fylkinu Gujarat af fulltrúum skógarverkamanna á ættbálkasvæðum og eru félagar um 80.000. Samtökin hafa notað réttinn til aðgangs að upplýsingum til að rannsaka fjárlög fylkisins og það hversu vel úthlutunir koma heim og saman við opinberar skýrslur og yfirlýsingar um útrýmingu fátæktar.

Samtökin reyndu fyrst að knýja fram lágmarkslaun fyrir fólk sem vann á skógarsvæðum. Framkvæmdastjóri DISHA útskýrði aðferð samtakanna á eftirfarandi hátt: „Einn liðurinn í

Þessu starfi var að athuga af hverju svæðið hefði ekki þróast neitt og hvers vegna atvinnutækifæri hefðu ekki skapast. Við athuguðum hvaða fjármunum fylkið eyddi og það varð til þess að við fórum að skoða fjárlög fylkisins.“

Árið 1994 ákváðu félagar í DISHA að senda niðurstöður greiningar sinnar til allra þingmanna, fjölmiðla og áhrifafólks í samfélaginu. Þetta tryggði það að víða var vitnað til upplýsinganna og rætt um þær.

Frá því að samtökin hófu að starfa hafa fjárframlög til þessara svæða hækkað verulega. Þar sem rannsókn DISHA var svo áreiðanleg áunnu samtökin sér fljótt virðingu sem stofnun „sem var ekki bara að hrópa slagorð og fara í kröfugöngur heldur setti fram mjög traust rök á grunni staðreynda og talna. Fólk kemur nú til okkar til að fá upplýsingar um fjárlögin – við erum eina stofnunin í landinu sem flokkar og greinir fjárlögin“.

Demantastríðin

Global Witness eru samtök í Bretlandi sem vilja sýna fram á tengsl milli arðráns í umhverfinu og mannréttindabrota. Þetta er hópur umhverfissinna með aðsetur í London sem hóf að starfa árið 1993 í leiguhúsnæði og átti ekkert nema tölvu sem hafði verið hirt úr ruslagámi. Samtökin hafa staðið fyrir herferð á hendur demantaiðnaðinum.

Á þeim tíma hefur Global Witness tekist að tengja viðskipti með ólöglega demanta við blóðugar styrjaldir í Afríku. Þau hafa safnað gögnum til að sanna það fyrir stjórnvöldum, Sameinuðu þjóðunum og almenningi að demantar sem grafnir hafa verið upp ólöglega á stríðssvæðum í Afríku hafi verið notaðir til að fjármagna átök þar sem börn hafa verið limlest og tugir þúsunda látið lífið. Samtökin beittu stífrí hagsmunagæslu til að „fá ráðamenn til að átta sig“, koma á samvinnu við önnur frjáls félagsamtök í Angóla og fá til liðs við sig öfluga pólitíska stuðningsmenn. Mjög fljótlega varð til alþjóðlegt afl sem gat boðið alþjóðlegri atvinnugrein birginn.

Þegar Robert Fowler, sendiherra Kanada hjá Sameinuðu þjóðunum, hótaði kaupbanni, svipuðu loðfeldabanninu, á heimsráðstefnunni um demanta í Antwerpen greip um sig ótti í demantaiðnaðinum. Í kjölfarið samþykktu fulltrúar demantaiðnaðarins, félagsamtök og alþjóðasamfélagið Kimberly-ferlið árið 2003 sem ætlað er að koma í veg fyrir viðskipti með „blóðdemanta“. Ferlið krefst þess af framleiðendum að þeir gangist undir umfangsmikla vottun til að tryggja að demantar þeirra komi ekki frá átakasvæðum. Árið 2008 áttu 49 framleiðendur, fulltrúar frá 75 löndum, aðild að ferlinu auk Evrópusambandsins.

Sjá vefsvæði þeirra <http://www.globalwitness.org>.

Hjólástólabrautir í Tuzla

Árið 1996 ákváðu samtök fatlaðra í Tuzla í Bozníu og Hersegóvínu að hrinda af stað herferð til að vekja athygli á ferlimálum. Samtökin, sem heita Lotos, vildu vekja menn til vitundar um fatlaða og ferlimál og bentu á ýmis atriði sem þörfuðust úrbóta, þar á meðal sérstök bílastæði fyrir fatlaða, betra aðgengi að almenningssamgöngum og aðgengilegar gangstéttir og vegi. Þau stóðu fyrir viðburðum í heila viku, rétt áður en kosningabaráttan hófst. Þetta skilaði skjótum árangri og allar gangstéttir í Tuzla fengu skábrautir!

Heimildir

Risse T., Ropp S., Sikkink K., *The Power of human rights*, Cambridge University Press, 1999.

Forsythe, D., *Human rights in International Relations*, Cambridge University Press, 2000. www.speaktruth.org.

Hijab, Nadia, *Human Rights and Human Development: Learning from Those Who Act*, HDRO Background paper, 2000.

„Aðstæðurnar voru eins og þrælalald. Það vottaði varla fyrir mannlegri reisn eða virðingu fyrir lögunum.“

M. D. Mistry, framkvæmdastjóri DISHA.

„Sjaldan hafa aðgerðasinnar áorkað svo miklu á svo stuttum tíma.“

Dagblaðið Independent

„Ég er sannfærður um að Tuzla er aðgengilegasti bærinn fyrir notendur hjólástóla í allri Bosnía og Hersegóvínu.“

Baráttumaður í Tuzla